

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F152/2024

Reykjavík, 5. júní 2024

Trausti Fannar Valsson
formaður úrskurðarnefndar um upplýsingamál
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Eins og yður er kunnugt hefur umboðsmaður Alþingis á grundvelli heimildar sinnar til athugunar mála að eigin frumkvæði í 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, allt frá árinu 2011 fylgst með og átt í samskiptum við nefndina vegna afgreiðslutíma hennar við úrlausn einstakra mála. Síðast lauk umboðsmaður slíkri athugun með bréfi 30. apríl 2021 í máli nr. F27/2014 þar sem tilteknun ábendingum var komið á framfæri við nefndina. Samhliða var forsætisráðherra jafnframta ritað bréf þar sem umboðsmaður kom þeirri ábendingu á framfæri að hugað yrði að úrbótum varðandi starfsskilyrði og starfsaðstöðu nefndarinnar. Þá var stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis jafnframta sent afrit af bréfunum til upplýsingar.

Í lok fyrrgreinds bréfs umboðsmanns til nefndarinnar var sérstaklega tekið fram að gert væri ráð fyrir að áfram yrði fylgst almennt með málshraða hjá nefndinni og hann tekinn til athugunar á ný ef tilefni yrði til. Á undanförnum misserum hafa umboðsmanni borist kvartanir og ábendingar vegna afgreiðslutíma nefndarinnar við úrlausn einstakra mála, auk þess sem borið hefur á umfjöllun um málshraða nefndarinnar á opinberum vettvangi. Þá gaf forsætisráðherra í byrjun mánaðar út skýrslu sína fyrir Alþingi um framkvæmd upplýsingalaga en þar er gerð grein fyrir störfum úrskurðarnefndar um upplýsingamál árið 2023. Þar kemur fram að á árinu 2023 hafi nefndin kveðið upp 46 úrskurði en árið 2022 hafi hún hins vegar kveðið upp 67 úrskurði, 91 úrskurð árið 2021 og 102 úrskurði árið 2020. Hvað málsmeyferðartímann varðar var hann á síðasta ári að meðaltali 241 dagur frá kæru til úrskurðar. Hefur hann því lengst nokkuð frá fyrri árum og hefur ekki verið lengri frá 2016 (sjá þskj. 1763 á 154. löggj.b. 2023-2024).

Í ljósi framangreinds er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að úrskurðarnefnd um upplýsingamál veiti umboðsmanni upplýsingar annars vegar um fjölda mála sem hafa borist nefndinni það sem af er ári 2024 og hins vegar um fjölda þeirra mála sem hafa verið afgreidd á þeim tíma, ásamt upplýsingum um hvenær þau mál bárust nefndinni. Enn fremur er óskað upplýsinga um heildarfjöldu þeirra mála sem er ólokið hjá nefndinni og hvenær þau bárust henni. Loks er óskað skýringa á því að úrskurðum virðist hafa fækkað og málsmeðferðartími lengst hjá nefndinni á undanförnum árum.

Þess er óskað að svör úrskurðarnefndar um upplýsingamál berist eigi síðar en 26. júní nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
skrifstofustjóri frumkvæðismála og
OPCAT